

Ársskýrsla Námsgagnasjóðs
skólaárið 2012-2013

Lög um námsgögn voru samþykkt á Alþingi 28. mars 2007. Markmið laganna er að tryggja framboð og fjölbreytileika námsgagna í samræmi við þarfir nemenda og skóla. Í lögum er kveðið á um stofnun Námsgagnasjóðs og Þróunarsjóðs námsgagna, auk þess sem fjallað er um Námsgagnastofnun.

Námsgagnasjóður hefur það hlutverk að leggja grunnskólum til viðbótarfé til námsgagnakaupa í því augnamiði að tryggja val þeirra um námsgögn. Með tilkomu sjóðsins hafa grunnskólar aukið svigrúm til námsgagnakaupa til viðbótar við úrval Námsgagnastofnunar. Grunnskólar fá áfram úthlutað kvóta til kaupa á námsgögnum hjá Námsgagnastofnun. Eina breytingin sem tilkoma sjóðsins hafði varðandi Námsgagnastofnun er að stofnunin er hætt að afhenda ókeypis til skólanna efni frá öðrum útgefendum. Skólarnir annast það nú sjálfir.

Framlag til Námsgagnasjóðs er ákveðið í fjárlögum ár hvert. Fyrsta úthlutun úr sjóðnum fór fram í nóvember 2007. Vegna niðurskurðar í ríkisútgjöldum varð mennta- og menningarmálaráðuneytið að skerða framlög til sjóðsins. Í töflunni hér að neðan má sjá framlög til sjóðsins frá árinu 2007.

<u>Ár</u>	<u>Framlag í millj.kr.</u>
2007	100
2008	100
2009	50
2010	60
2011	40
2012	40
2013	40

Sjóðurinn starfar skv. reglugerð um sjóðinn nr. 1111/2007, þar sem kveðið er á um að greiðsla fyrir hvern grunnskóla sé innt af hendi til rekstraraðila þeirra ár hvert og tekur greiðsla fyrir hvern skóla mið af fjölda skráðra nemenda í hverjum grunnskóla skólaárið á undan, skv. upplýsingum frá Hagstofu Íslands, en heimilt er að ívilna fámennum skólum. Auk þess segir í reglugerð að grunnskólar skuli láta sjóðsstjórn í té skilagrein á rafrænu formi um ráðstöfun úthlutunar eigi síðar en 30. apríl ár hvert. Heimild er til þess í reglugerð að fella niður úthlutun til þeirra skóla sem ekki skila inn skilagrein.

Mennta- og menningarmálaráðherra skipar stjórn sjóðsins til fjögurra ára í senn. Einn stjórnarmaður er tilnefndur af Kennarasambandi Íslands og einn af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Einn stjórnarmaður er skipaður án tilnefningar og skal hann vera formaður en varaformaður er skipaður úr hópi tilnefndra aðalmanna. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Eftirfarandi stjórn er skipuð frá 26. apríl 2012 til 25. apríl 2016.

Aðalmenn:

Sesselja Snævarr, án tilnefningar, formaður,
Guðjón Ólafsson, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, varaformaður,
Guðbjörg Ragnarsdóttir, tilnefnd af Kennarasambandi Íslands.

Varamenn:

Guðni Olgeirsson, án tilnefningar,
Pórður Kristjánsson, tilnefndur af Kennarasambandi Íslands,
Helga Guðmundsdóttir, tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Samkomulag um tímabundna breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga var undirritað 5. október 2011. Eitt af þeim verkefnum sem samkvæmt samkomulaginu færðust frá ríki til sveitarfélaga var rekstur Námsgagnasjóðs. Umsýsla sjóðsins, sem frá stofnun sjóðsins hafði verið hjá mennta- og menningarmálaráðuneytinu, færðist við undirritun samkomulagsins til Sambands íslenskra sveitarfélaga. Starfsmenn sjóðsins eru Klara E. Finnbogadóttir og Valur Rafn Halldórsson. Umsýslukostnaður greiðist af ráðstöfunarfé sjóðsins.

Í reglugerð um Námsgagnasjóð kemur fram að grunnskólar eigi að láta sjóðstjórn í té skilagrein á rafrænu formi um ráðstöfun úthlutunar. Skilagreinin er fyrst og fremst til að gera stjórn sjóðsins grein fyrir því hvað keypt er fyrir fjármuni sjóðsins, en er ekki bókhaldsgagn. Ráðuneytið lét hanna rafrænan grunn vegna skilagreinnanna. Vefslóð að grunninum er *namsgagnasjodur.is*. Hýsing vefsins er hjá Advania. Hver skóli hefur notendanafn og lykilorð fyrir aðgang að grunninum. Færa þarf í grunninn heiti námsgagns, söluaðila, tegund námsgagns, námsgrein og upphæð, fyrir hvert tímabil sem er frá 1. maí til 30. apríl ár hvert.


Stjórn sjóðsins fer yfir skilagreinar og þeim færslum sem ekki eru taldar gjaldgengar í sjóðinn er eytt. Fjármagn sem einstakir skólar nýta ekki yfirfærast á milli ára. Í 4. grein reglugerðar um Námsgagnasjóðs er kveðið á um reglur sem fylgja skal eftir við úthlutun úr sjóðnum og hefur stjórn sjóðsins þær að leiðarljósi þegar skilagreinar eru yfirfarnar. Skilyrði ráðstöfunar fjármuna sjóðsins er einskorðað við kaup á námsgögnum frá lögaðilum (þeim sem stofnað hafa kennitölu um rekstur) öðrum en Námsgagnastofnun og skulu námsgögnin samrýmast markmiðum aðalnámskrár grunnskóla. Óheimilt er að verja fjármunum til búnaðar- eða tækjakaupa.

Skipting fjármags eftir söluaðilum skólaárið 2012-2013

Hér að neðan má sjá yfirlit yfir þá söluaðila sem mest var keypt frá skólaárið 2012-2013.

Söluaðili	Upphæð	Fjöldi færslna	%
Skólavefurinn ehf.	14.869.962 kr.	296	36,3%
Forlagið-JPV útgáfa	5.198.065 kr.	116	12,7%
A4 Skólavörubúðin	4.593.364 kr.	219	11,2%
Iðnú-bókaútgáfa	1.727.553 kr.	45	4,2%
Penninn	1.165.249 kr.	53	2,8%
Eymundsson	1.148.459 kr.	76	2,8%
Námsmatsstofnun	482.816 kr.	21	1,2%
Félag íslenskra bókaútg.	457.352 kr.	13	1,1%
Jón Norland	456.467 kr.	5	1,1%
Krass	408.891 kr.	21	1,0%
Stoðkennarinn	321.892 kr.	19	0,8%
Rasmus ehf.	285.019 kr.	9	0,7%
Spilavinir	284.296 kr.	21	0,7%
Alliance franÃ§aise	261.000 kr.	1	0,6%
Bóksala stúdenta	214.493 kr.	11	0,5%
Stefmennt	194.997 kr.	23	0,5%
Forlagið egf	194.174 kr.	1	0,5%
Mál og menning	172.588 kr.	6	0,4%
Rósakot	163.309 kr.	12	0,4%
Aðrir söluaðilar	8.356.585 kr.	458	20,4%
Samtals	40.956.531 kr.	1426	100,0%

Skipting fjármags eftir söluaðilum 2012-2013




Skipting fjármagns eftir tegund skólaárið 2012-2013

Mestur hluti fjármagns fór í kennslubækur eða um 65%, en skólar nýttu sjóðinn einnig til kaupa á áskriftum að ýmsum vefsíðum. Hér að neðan má sjá yfirlit á skiptingu m.v. tegund námsgagna. Til samanburðar eru tölur vegna skólaáranna 2010-2011 og 2011-2012.

Tegund	Fjöldi			Upphæð		Upphæð	
	Upphæð	færslna	%	Upphæð	%	Upphæð	%
	2012-2013			2011-2012		2010-2011	
Kennslubók	25.293.935 kr.	800	65,0%	26.817.889 kr.	60%	39.062.900 kr.	62%
Vefsíða	8.092.681 kr.	197	20,8%	9.745.204 kr.	22%	11.474.984 kr.	18%
Annað	1.700.336 kr.	142	4,4%	3.408.973 kr.	8%	3.924.722 kr.	6%
Handbók	1.013.206 kr.	96	2,6%	2.134.900 kr.	5%	2.818.691 kr.	4%
Sérkennslugögn	1.285.302 kr.	73	3,3%	2.000.646 kr.	5%	3.019.765 kr.	5%
Forrit	1.058.883 kr.	21	2,7%	531.054 kr.	1%	3.071.561 kr.	5%
Landakort	458.381 kr.	12	1,2%	149.755 kr.	0%	110.135 kr.	0%
Samtals	38.902.724 kr.	1341	100,0%	44.788.421 kr.	100%	63.482.758 kr.	100%

Skipting fjármagns eftir tegund námsgagna 2012-2013




Skipting fjármagns eftir námsgreinum skólaárið 2012-2013

Hér að neðan má sjá hvernig fjármagnið skiptist milli námsgreina.

Námsgreinar	Upphæð	Fjöldi færslna	%	Upphæð	%
	2012-2013			2011-2012	
Íslenska	19.278.862 kr.	549	49,6%	22.432.574 kr.	50,1%
Aðgangur að almennum námsvef	7.395.338 kr.	152	19,0%	9.174.594 kr.	20,5%
Erlent tungumál	5.237.170 kr.	185	13,5%	4.518.947 kr.	10,1%
Stærðfræði	1.382.013 kr.	84	3,6%	2.990.697 kr.	6,7%
Sérkennsla	1.234.328 kr.	69	3,2%	1.508.065 kr.	3,4%
Listgreinar	983.498 kr.	84	2,5%	1.094.666 kr.	2,4%
Lífsleikni	783.253 kr.	72	2,0%	1.095.167 kr.	2,4%
Upplýsinga- og tæknimennt	825.024 kr.	27	2,1%	453.352 kr.	1,0%
Náttúrufræði og umhverfismennt	797.092 kr.	35	2,0%	530.942 kr.	1,2%
Samfélagsgreinar	628.097 kr.	40	1,6%	578.523 kr.	1,3%
Íþróttir- líkams- og heilsurækt	185.097 kr.	17	0,5%	255.174 kr.	0,6%
Hönnun og smíði	64.018 kr.	9	0,2%	90.711 kr.	0,2%
Heimilisfræði	47.381 kr.	13	0,1%	35.845 kr.	0,1%
Kristinfr., siðfr., og trúarbragðafr.	61.553 kr.	5	0,2%	29.165 kr.	0,1%
Annað	0 kr.	0	0,0%	0 kr.	0,0%
Samtals	38.902.724 kr.	1341	100,0%	44.788.422 kr.	100,0%

Skipting fjármagns eftir námsgreinum 2012-2013



Hér að neðan má sjá nánari skilgreiningu á flokknum erlend tungumál.

Erlend tungumál	Upphæð	Fjöldi færslna	%
Enska	373.013 kr.	140	19,8%
Franska	556.774 kr.	11	29,6%
Danska	358.249 kr.	22	19,1%
Spænska	305.784 kr.	6	16,3%
Pýska	286.350 kr.	6	15,2%
Samtals	1.880.170 kr.	185	100,0%

Stjórn Námsgagnasjóðs telur að endurskoða þurfi reglugerð um sjóðinn m.a. vegna þess að hugtakið „námsgagn“ er skilgreint mun víðara í aðalnámskrá grunnskóla sem tók gildi 2011 en í fyrri námskrám.

Reykjavík, 5. júlí 2013

f.h. stjórnar Námsgagnasjóðs

Sesselja Snævarr, formaður

REGLUGERÐ
um námsgagnasjóð.

1. gr.

Hlutverk námsgagnasjóðs er að leggja grunnskólum til fé til námsgagnakaupa í því augnamiði að tryggja val þeirra um námsgögn. Framlag til námsgagnasjóðs er ákveðið í fjárlögum ár hvert.

2. gr.

Menntamálaráðherra skipar námsgagnasjóði þriggja manna stjórn til fjögurra ára í senn. Skal einn stjórnarmaður tilnefndur af Kennarasambandi Íslands og einn af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Menntamálaráðherra skipar einn stjórnarmann án tilnefningar og skal hann vera formaður en varaformaður skal skipaður úr hópi tilnefndra aðalmanna. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

3. gr.

Stjórn námsgagnasjóðs ákveður skiptingu fjármuna milli grunnskóla til námsgagnakaupa á grundvelli upplýsinga frá Hagstofu Íslands um fjölda skráðra nemenda í hverjum grunnskóla á síðastliðnu skólaári. Greiðsla fyrir hvern grunnskóla er innt af hendi til rekstraraðila grunnskóla í maímánuði ár hvert. Stjórnin hefur eftirlit með því að farið sé að úthlutunarreglum, sbr. 4. gr. Ákvarðanir sjóðstjórnar um úthlutanir eru endanlegar og verður ekki skotið til æðra stjórnvalds.

4. gr.

Eftirfarandi reglum skal fylgt við úthlutun úr námsgagnasjóði:

1. Skilyrði ráðstöfunar fjár fyrir grunnskóla er einskorðað við kaup á námsgögnum frá lögaðilum og skulu námsgögnin samrýmast markmiðum aðalnámskrár. Óheimilt er að verja fjármunum úr námsgagnasjóði til búnaðar- og tækjakaupa.
2. Hlutdeild hvers grunnskóla ræðst af nemendafjölda en heimilt er að ívilna fámennum skólum. Í því felst að skólar með allt að 50 nemendur fá 20% hærri úthlutun. Skólar með 51-100 nemendur fá 10% hærri úthlutun og skólar með 101-150 nemendur fá 5% hærri úthlutun.
3. Grunnskólar skulu láta sjóðstjórn í té skilagrein á rafrænu formi um ráðstöfun úthlutunar eigi síðar en 30. apríl ár hvert. Eingöngu þeir skólar sem skilað hafa skilagrein koma til álita við úthlutun næsta árs.
4. Grunnskólum er heimilt að færa úthlutunarfé á milli ára.

5. gr.

Menntamálaráðuneytið annast umsýslu sjóðsins og ber ábyrgð á henni. Umsýslu-
kostnaður skal greiddur af ráðstöfunarfé sjóðsins.

Komi í ljós við eftirlit stjórnar námsgagnasjóðs að grunnskóli hafi ráðstafað fjármunum úr námsgagnasjóði til annars en mælt er fyrir um í reglugerð þessari skal skólinn krafinn um endurgreiðslu.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 6. gr. laga um námsgögn nr. 71/2007 og öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Fyrsta úthlutun úr námsgagnasjóði fer fram í nóvembermánuði 2007 á grundvelli upplýsinga frá Hagstofu Íslands um fjölda skráðra nemenda í hverjum skóla á síðastliðnu skólaári.

Menntamálaráðuneytinu, 7. nóvember 2007.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.

